

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni. (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi skildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Söluskattur skv. lögum er innifalinn í gjaldinu nema af raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Keflavíkur nr. 233 30. október 1970 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 15. maí 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir.

A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 11.40 hver kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 4.40 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 49.70 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 17.00 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli á kr. 2.55 hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 19.60 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal teljast hálf, og stærra en 25 m², sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalinn í fastagjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngilda einu herbergi og 6 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

31. Um kwst.mæli á kr. 6.20 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 1 240.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

32. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 2.55 hver kwst.
33. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk, kjöt eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
- Um kwst.mæli á kr. 1.80 hver kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tíma.
 - Um tvígjaldsmæli á kr. 10.75 hver kwst. í $1\frac{1}{2}$ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en á kr. 2.00 hver kwst. utan þess tíma.
 - Um tvígjaldsmæli á kr. 10.75 hver kwst. í $1\frac{1}{2}$ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á kr. 2.00 hver kwst. utan þess tíma.
34. Um mæli á kr. 2 310.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálág og auk þess kr. 1.23 á notaða kwst.
35. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notað afl má selja þannig: Um mæli á kr. 1 520.00 fyrir hvert uppsett kw. vélanna og auk þess kr. 1.23 á notaða kwst.

D. Hitun.

41. Um kwst.mæli á kr. 0.80 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn.
42. Um kwst.mæli á kr. 0.40 hver kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkunotkun.

- Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 3.30 hver kwst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðu-tæki fasttengd.
- Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 6.30 hver kwst.
- Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á kr. 1.00 hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 2.55 hver kwst. frá kl. 8.30 til 22.
- Til gatnalýsingar á kr. 2.55 hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasamælum upp að 30 amp.	kr. 16.50 á mán.
2. Af þrifasamælum upp að 50 amp.	— 20.40 — —
3. Af þrifasamælum 50 til 200 amp.	— 52.00 — —
4. Af þrifasamælum yfir 200 amp.	— 75.00 — —
5. Af álagsstýringarliðum	— 75.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessarri ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 380.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 380.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnaðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennist.) fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínuheimtaug frá loftlínakerfi, samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrár- liður	Málmstraumur í 3 × 220 V kerfi amp.	Stofnvara í 3 × 380 V kerfi amp.	Heimtaugar- gjald KVA	kr.
1.	2 × 60	1 × 60	13	10 000.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	13 200.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	18 865.00
4.			50 sp.	22 340.00
5.		3 × 100	66	31 030.00
6.	3 × 200		75	37 730.00
7.			100 sp.	44 680.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	61 900.00
9.			150 sp.	71 030.00
10.			200 sp.	89 365.00
11.		3 × 350	231	103 000.00
12.			300 sp.	143 000.00
13.			500 sp.	237 600.00

Sp. = spennir.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m þannig: $Y_j = (300 + 4 \times \text{kVA}) \text{ kr./m.}$

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig: $Y_L = (200 + 3 \times \text{kVA}) \text{ kr./m}$ að viðbættum kr. 5 000.00 á hvern staur í umfram-lengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 2 450.00
60 amp. þrífasa	— 3 220.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi skildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Söluskattur skv. lögum er innifalinn í gjaldinu nema af raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Gerðahrepps nr. 232 30. október 1970 með síðari breytingum.

Lönaðarráðuneytið, 15. maí 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um niðurrjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Selfossi.

1. gr.

Almennur vatnsskattur.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Selfosshrepps, sem leggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.